

Barn á þessu þrepi notar málið til að tjá þarfir sínar og hugmyndir, hlusta, spyrja spurninga og taka þátt í samræðum sem snerta líf þess og nærumhverfi. Það einbeitt sér að því að skilja og meðtaka innihald texta og tengir við fyrri þekkingu og reynslu. Barnið notar sívaxandi þekkingu sína á tengslum stafs og hljóðs við lestur og ritun. Það les og skilur texta með einföldum orðaforða og með því að styðja sig við myndmál. Barnið er meðvitað um tilgang ritunar, það miðlar hugsunum sínum aðallega með munnlegri tjáningu og teikningum, sækir umfjöllunarefni sitt í eigin reynslu og umhverfi og prófar sig áfram með ýmsar gerðir texta.

1. þrep

2. þrep

3. þrep

4. þrep

5. þrep

6. þrep

## Samræða, tjáning og hlustun

### Færniþættir

### Áherslur í kennslu

#### Framsögn, tjáning og endursögn

Tjáir sig skýrt.  
Tjáir sig í hópi og frammi fyrir hópi.  
Segir frá eftirminnilegum atburði.  
Endursegir efni sem hlustað hefur verið á, horft á eða lesið.

#### Framsögn, tjáning og endursögn

Ræða við börn um raddbeitingu, framburð og raddstyrk við mismunandi aðstæður og hvetja þau til að tala skýrt.  
Skapa tækifæri fyrir börn til að tjá sig og hvetja þau til að segja frá.

#### Samræður, samskipti og hlustun

Vera fyrirmynd í samræðum og samskiptum; bregðast við spurningum, hlusta af athygli, tjá eigin hugmyndir og spyrja spurninga.

Leggja áherslu á leiðbeinandi endurgjöf í öllum samræðum.

Vekja athygli á því hvernig við tjáum hugmyndir og tilfinningar gegnum samræður.

Nota fjölbreyttan orðaforða í samræðum við börn og stuðla þannig að auknum orðaforða.

Ræða, búa til og æfa samskipta og samræðureglur með nemendum.

Skapa börnum tækifæri til að vera virk í samræðum, hlusta, tjá skoðanir sínar og rökstyðja mál sitt.

Skapa tækifæri fyrir börn til að hlusta á fjölbreytt efni, s.s. sögur, söng, samræður og upplýsingar, og hvetja þau til að tjá sig um efnið.

## Lestur og lesskilningur

### Færniþættir

### Áherslur í kennslu

#### Lesfimi

Þekkir lesátt.  
Hefur tilfinningu fyrir rími.  
Þekkir heiti og hljóð flestra bókstafa.  
Greinir fremsta og aftasta hljóð í orði.  
Þekkir nokkrar algengar orðmyndir.  
Hljóðar sig í gegnum einföld orð.

#### Skilningur

Gerir sér grein fyrir að textar eigi sér höfunda.  
Lýsir skoðunum sínum á lesnu efni.  
Les/hlustar og sýnir fram á skilning með því að gera grein fyrir megininntaki texta.

Tjáir sig um hvað einkennir ólíkar persónur í textum.

Tengir saman atburð og afleiðingu.

Getur rakið söguþráð í þekktum sögum.

#### Notkun texta/aðferðir

Getur með aðstoð fundið texta sem hæfir tilgangi og áhuga.

Nýtir sér einhverjar lesskilningsaðferðir, s.s. forspá og samanburð.

Les óþekkt orð með því að nota ákvæðnar aðferðir, s.s. að hljóða sig í gegnum orðið eða geta sér til út frá fyrsta staf og/eða myndum og samhengi texta.

Sýnir áhuga á bókum og sögum.

Styrkja áhugahvöt barna á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þau hafi val um fjölbreytt lesefni.

#### Lesfimi

Byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og orð í nánasta umhverfi með því að merkja hluti, búa til orðalista, o.s.frv.

Efla hljóðkerfisvitund og stafapekkingu með því að:

leika sér með rím og þulur,  
hlusta eftir hljóðum í orðum,  
tengja stafi og hljóð.

Viðhafa sýnikennslu um lestur, t.d. sýna lesátt, greina orð frá myndum, velja texta og vinna með stafi og hljóð.

Vinna með orðmyndir einfaldra orða og byggja þannig upp sjónrænan orðaforða og nýta til þess m.a. 150 algengustu orðin.

#### Skilningur

Skapa tækifæri fyrir börn til að tala um textann og tengja eigin reynslu við það sem lesið er.

Draga athygli barna að því hvernig persónur eru kynntar í texta.

Ræða um að textar eigi sér höfunda og/eða þýðendur.

#### Notkun texta/aðferðir

Miðla texta á fjölbreyttan hátt, s.s. með söng, leikrænni tjáningu, sögum og lestri.

Skapa tækifæri fyrir börn til að lesa og skoða fjölbreyttan texta, s.s. sögur, fræðsluefni, þulur og ljóð.

Ræða hugtök sem tengjast bókum, s.s. *kápa*, *titill*, *þýðandi* og *höfundur* texta og mynda.

Vinna með lesskilningsaðferðir, s.s. að tengja við fyrri þekkingu, spá fyrir og bera saman.

Kenna börnum að finna, meta og velja texta, s.s. út frá áhuga og með því að nýta sér skipulag á bókasófnunum.

Kenna börnum að ígrunda texta með því að ræða um hann.

Vera sterk fyrirmynd er kemur að áhuga á lestri, sögum og samræðu.

## Ritun/miðlun

### Færniþættir

### Áherslur í kennslu

#### Skrift og réttitun

Þekkir útlit og hljóð stafa og nýtir sér það í eigin ritun.

Byggir stafsetningu á hljóðgreiningu, sleppir oft sérhljóðum en notar sterkustu hljóðin í orðinu í ritun sinni.

Getur nýtt sér lyklorð við ritun.

#### Textagerð

Notar myndir, ták og stafi til að koma skilaboðum til annarra.

Byr til margs konar texta, s.s. lista, kort, skilaboð, sögur og ljóð.

Skrifar stuttan texta með einfaldri setningagerð, s.s. *Ég sé...*, *Petta er...*

Útskýrir tilgang með ritun, t.d. *til að muna*, *til að senda kveðju*.

Greinir frá markmiðum og viðtakanda, t.d. *Ég ætla að skrifa ömmu bréf til að segja...*

#### Aðferðir

Teikningar eru mikilvægur hluti ritunar barnsins.

Semur einfaldan texta með teikningum eða ritmáli og getur lesið hann upp fyrir aðra.

Getur gert einfalt hugtakakort með teikningum eða ritmáli um þekkt efni.

Tengir stafi saman í orð og raðar orðum í setningar og málsgreinar.

Getur nýtt tölvuforrit/smáforrit til að tjá upplifun sína og hugmyndir.

#### Skrift og réttitun

Byggja upp sjónrænt minni á algeng orð og orð í nánasta umhverfi.

Kenna börnum að hljóða sig í gegnum orð við ritun.

Gefa börnum tækifæri til að æfa fínreyfingar og skrift.

#### Textagerð

Vera fyrirmynd í textagerð, s.s. með því að vera með sýnikennslu um gerð ólíkra texta.

Ræða um að ritun hefur ákveðinn tilgang og er ætluð ákveðnum lesendum.

Gefa börnum tækifæri til að skapa fjölbreytta texta sem hafa tilgang og lesendur.

Draga athygli barna að ákvörðunum sem höfundar taka við gerð texta.

Vekja athygli barna á því hvernig upplýsingar um fólk og hugmyndir eru settar fram í textum.

Veita börnum tækifæri til að nota ný orð og efla orðaforða sinn.

#### Aðferðir

Þjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni sem hvetja til myndsköpunar og ritunar.

Hvetja börn til að tjá hugsun sína og hugmyndir í myndum og ritmáli.

Sýna og vinna hugtakakort með börnunum.

Kynna fyrir börnum tölvuforrit/smáforrit sem nýta má við ritun/miðlun.

Ræða við börnin um ritun þeirra og gefa leiðbeinandi endurgjöf.

